

- 180 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jórunnar Guðmunds-  
25. ágúst dóttur ljósmóður frá Rafnkelsstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af  
dómsmálaráðherra 25. ágúst 1950.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður frá Rafnkelsstöðum.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöfum að upphæð kr. 2500.00, er gefnar voru á dánardægri Jórunnar Guðmundsdóttur, ljósmóður, til minningar um hana.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2500.00 kr., sem um getur í 1. gr., ásamt vöxtum og öðru, sem honum kann að áskotnast á annan hátt.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn í Útskálaprestakalli, ein kona kosin af kvenfélaginu Gefn í Garði eða hreppsnefnd Gerðahrepps, ef svo kynni að fara, að kvenfélagið Gefn legðist niður, og ein kona af niðjum Jórunnar Guðmundsdóttur, húsett í Gerðahreppi, tilnefnd af hinum tveim stjórnarnefndarmönnum. Sóknarpresturinn er oddviti nefndarinnar, og geymir skilríki sjóðsins.

### 4. gr.

Sjóðsstofninn má aldrei skerða og skulu allir vextir og aðrar tekjur lagðar við hann þar til hann er orðinn kr. 7500.00. Eftir það skal  $\frac{1}{3}$  hluti ársvaxtanna lagður við höfuðstólinn, en nefndin veita  $\frac{2}{3}$  hluta vaxtanna og öðrum þeim tekjum, er sjóðnum kann að áskotnast til styrktar fátækum sængurkonum í Gerðahreppi.

### 5. gr.

Ef ár fellur úr að styrkur sé veittur, má nefndin leggja saman fleiri en eins árs tekjur og veita þá styrk, er verði til fyllri nota.

### 6. gr.

Ársreikning sjóðsins skal stjórnarnefnd sjóðsins birta á þann hátt, er hún telur best henta.

Rafnkelsstöðum í Garði, 25. ágúst 1950.

Guðmundur Jónsson.